

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, Tunguskeið.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 27. júlí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009 frá 31. október 1990.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Verslunar- og þjónustureitur stækkar til norðurs á kostnað reits fyrir opinberar byggingar.
- Vegtenging við Skutulsfjarðarbraut færist til norðurs.
- Suðausturhluti verslunar- og þjónustusvæðis breytist í atvinnusvæði til samræmis við þá starfsemi sem fyrir er.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júlí 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.